

Bréf til sveitarstjórna Hrunamannahrepps og
Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Styrkbeiðni vegna æskulýðsstarfs í Hrunaprestakalli


Ágætu sveitarstjórnarfulltrúar.


Sú nýbreytni verður í vetur á fermingarstörfunum í Hrunaprestakalli að öllum nemendum í 8. bekk Flúðaskóla (óháð því hvort börnin fermast eða ekki) verður boðið í menningar-, skemmti og fræðsluferðir. Fyrri ferðin er í Vatnaskóg í lok október og þá verður gist þar í tvær nætur en sú síðari verður dagsferð í Skálholt í mars. Báðir þessir staðir eru rómaðir fyrir náttúrufegurð, sögu og góða umgjörð til að taka á móti ungu fólki. Fræðsla, leikir, útivist og góður matur er stutta lýsingin á þessum ferðalögum en þær eru báðar skipulagðar í samráði við skólastjórnendur í Flúðaskóla.


Kostnaður á hvert barn þegar allt er talið er áætlaður kr. 40000. Sóknirnar í Hrunaprestakalli og Suðurprófastsdæmi munu greiða ferðirnar niður um helming en nú langar okkur að leita á náðir sveitarstjórnanna í samfélagi okkar til að styðja við þetta góða verkefni og förum fram á styrk upp á 10000 kr. á hvert barn; þ.e. að hvort sveitarfélag fyrir sig greiði þessa upphæð fyrir hvert barn á þessum aldri í sínu sveitarfélagi.


Með kærri kveðju og von um góðar viðtökur.


Hruna, 28. ágúst 2022.


Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur


Marta Esther Hjaltadóttir, fh. sóknarnefndar Hrunasóknar


Árdís Jónsdóttir, fh. sóknarnefndar Stóra-Núpsóknar


Arnfríður Jóhannsdóttir, fh. sóknarnefndar Hrepphólasóknar


Jóhanna Valgeirsdóttir, fh. sóknarnefndar Ólafsvallasóknar